



Fermingarveislur 2015

ALLT á einum stað. Þetta getur verið ódýrasti valkosturinn. Full veisluþjónusta og veitingar í Lionssalnum Lundi, innifalið er m.a. salarleiga, taudúkar, full þjónusta, skjávarpi, pianó, gos, kaffi o.fl....
Fáðu tilboð eða skoðaðu fermingarveislur.is

Enn eru nokkrir lausir dagar 2015

- Lambalæri með öllu • Brunch
- Austurlenskt & Mexíkósk • www.fermingarveislur.is

Cocktail .is
Veisluþjónusta

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • cocktail@cocktail.is • salur.is • s. 899-8994

30. ÁGÚST 2014 • 31. tölublað 5. árgangur

REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Troðið í strætó. Það var ókeypis í strætó á Menningarnótt og ekki var annað að sjá en að borgarbúar nýttu sér þjónustuna í miklum mæli. Stjórnendur Strætó bs. telja að hækka verði fargjöld verulega. Á fulltrúum sveitarfélaganna í stjórn fyrirtækisins heyrir að hækkan sé krafa eigenda, en enginn virðist hafa spurt farþegana. *Sjá bls. 12.*

Formaður Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um Framsókn:

Einkennileg áhersla á tímasetningar

Okkur í mannréttindaráði fannst ástæða til þess að bregðast við bókun Framsóknar og flugvallavina enda er hún ekki á rökum reist og er tilraun til að drepa málinu á dreif. Í skýrslunni koma fram mikilvægar upplýsingar sem við eigum að rýna til gagns til að skapa umburðarlyndara og upplýstrara

samfélag. Það er hins vegar sérstakt að Framsókn leggi svona ríka áherslu á tímaramma rannsóknarinnar, rétt eins og það sé réttlætjanlegt að beita eða stuðla að hatursorðræðu svo lengi sem ekki er verið að rannsaka umræðuvettvang netmiðlanna,“ segir Líf Magneudóttir, formaður Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar.

Meirihluti ráðsins bókaði á dögnum að gagnrýni oddvita Framsóknar og flugvallarvina á skýrslu um hatursorðræðu, væri ekki á rökum reist, en í skýrslunni var meðal annars fjallað um umræðu um byggingu mosku í Reykjavík.

Sjá bls. 2

SÓFAR Í ÖLLUM STÆRÐUM



Verðdæmi:
Tungusófar 2+tungu frá 215.120kr.
Hornsófar 2H2 frá 275.120kr.
Sófasett 3+1+1 frá 303.120kr.

ÍSLENSKIR SÓFAR SNIÐNIR AÐ PINUM ÞÖRFUM MÁL OG ÁKLÆÐI AÐ EIGIN VALI

20% afsláttur
af öllum sófum / sófasettum
í völdum áklæðum



Torino tunga 4H2
Verð frá 444.440 kr




Lyon 2+4
Verð frá 299.840 kr

Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Patti
HÚSGÖGN

Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is



SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN

Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbaksstuðningur.
Mýkra og betra axlarsvæði.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti



Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa


★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

12 mán.
vaxtalaugar
greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Heilsudýnur á frábæru verði
Verðdæmi á Sögu og Freyju
Með botni og fótum stgr.

Stærð	Verð
153x203	144.900 kr.
160x200	149.900 kr.
180x200	169.900 kr.
180x210	179.900 kr.

Færi athyglina frá umræðunni

Frh. af forsiðu

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir borgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina hóf umræðuna um staðsetningu mosku í Reykjavík í aðdraganda kosninga og ræddi einnig um hættu á nauðungarhjonaböndum múslima, kvöldið fyrir kosningar. Hún gagnrýndi skýrslu um hatursorðræðuna þegar hún var kynnt í borgarráði. Meðal annars að atriði sem könnuð voru í tengslum við hatursfulla umræðu í garð múslima hefðu ekki verið innan fyrirfram skilgreinds tímaramma.

Fram kemur í bókun Mannréttindaráðs, sem fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina tók ekki undir, segir að gagnrýni þeirra á skýrsluna um hatursumræðuna sé ekki á rökum reist og full þörf sé á upplýstri og málefnalegri umræðu um þessi mál.

„Hver svo sem rannsóknarramminn var,“ segir Líf, „þá er það aldrei í lagi að viðhafa hatursfull ummæli um hina og þessa hópa í samfélaginu, hvort sem það eru múslimar eða hinsegin fólk. Sveinbjörg veit það mæta vel og með gagnrýni sinni, sem ekki á við rök að styðjast, reynir hún einmitt að færa athyglina frá því sem skiptir mestu máli sem er staðreyndin um óvægna og ómálefnalega umræðu á netmiðlum sem einkennist af fordómum.“



Líf Magneudóttir.



Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir.

Á fundi Mannréttindaráðs lagði fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í ráðinu fram fyrirspurn um tilurð rannsóknarinnar.

Samþykkt að selja Laugaveg 4-6 og Skólavörðustíg 1A:

Segja borgina tapa hundruðum milljóna króna

Borgarráð samþykkti á fundi sínum á fimmtudag að selja hús og lóðir við Laugaveg 4-6 og Skólavörðustíg 1A. Kaupandinn er BAB Capital ehf. og nemur kaupverðið 356 milljónum króna, eftir því sem blaðið kemst næst.

Málið var afgreitt í miklum ágreiningi í borgarráði, en bæði borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina greiddu atkvæði gegn sölunni.

Reykjavíkurborg keypti árið 2008 hús og lóðir ásamt húsnæðinu að Skólavörðustíg 1 fyrir 580 milljónir króna. Þá voru Sjálfstæðisflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn í meirihluta í borgarstjórn, en þáverandi fulltrúar minnihluta gagnrýndu kaupin harðlega.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina segir í bókun sinni í borgarráði að hún hafni því að samþykkja sölu þá borgarsjóður tapi á milli 300 og 400 milljónum króna á sölunni. Hún segir: „Gagnsæir viðskiptahættir hafa ekki verið viðhafðir þar sem engin gagntilboð voru gerð af hálfu borgarinnar og þannig hefur



Eignirnar neðst á Laugaveginum voru keyptar í borgarstjórn Ólafs F. Magnússonar. Þá var hann í meirihluta ásamt Sjálfstæðisflokknum.

ekki verið reynt að knýja fram sem hæst verð fyrir eignirnar og þar með að takmarka tjón borgarsjóðs.“

Hún bætir því við að Laugavegur sé kominn að þolmörkum um frekari hótél- og gistirými, auk þess sé tímasetningin afleitt í ljósi spádóma greiningardeilda um hækkun fasteignaverðs.

Sjálfstæðismenn greiddu atkvæði gegn sölunni á þeim forsendum að verðið væri of lágt. Réttara væri að bíða.

Ákvörðun borgarráðs er þó ekki endanleg, því þetta mál þarf að fá fullnaðarafgreiðslu í borgarstjórn, en hún mun koma saman í næstu viku.

Reykjavíkurborg auglýsti fyrir nokkru eftir þátttakendum í forval fyrir lokað útboð vegna sölu á fasteignunum, ásamt samþykktum byggingarétti samkvæmt deiliskipulagi. Þá áttu bjóðendur að gera grein fyrir fyrirhuguðum byggingaframkvæmdum ásamt tímaáætlun.

Árgjald lagt á hjá Hljóðbókasafni:

„Línurnar hafa logað hjá okkur“

Okkur finnst að þetta eigi að vera ókeypis, en okkur er ekki stætt á því lengur,“ segir Þóra Sigríður Ingólfssdóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafnsins. Safnið tilkynnti nýlega að byrjað yrði að innheimta árgjald fyrir þjónustu safnsins, 2.000 krónur. Kröfur verði stofnaðar í heima-banka notenda. Gjaldfrestur verði einn mánuður, en hafi gjald ekki verið greitt eftir það, sé lokað á aðgang.

Yfir sjö þúsund manns nota safnið reglulega. Þóra Sigríður segir að flestir séu þeir nemendur sem glími við lesblindu. Safnið hafi bætt þjónustu sína verulega á undanförunum árum, til að mynda með því að hægt er að hlaða niður hljóðbókum, en áður var aðeins hægt að nálgast þær á kasettum eða diskum, auk þess sem bókakostur hefur verið aukinn til muna. Þá hafi þeim sem nota safnið reglulega fjölgað úr 1.600 árið 2007 og upp í 7.200 nú.

„Við höfum ekki fengið neina aukafjárveitingu í tengslum við þessa stækkun, svo þetta er neyðarbraud. Við höfum óskað eftir auknum fjárheim-



ildum árlega við fjáráukalög, en ekki fengið, þrátt fyrir að hafa verið fyrirmyndarstofnun og fengið nýsköpunarverðlaun,“ segir Þóra Sigríður. Hún reiknar með því að gjaldið muni skila hljóðbókasafninu 10-12 milljónum króna á ári.

Heimild sé fyrir gjaldinu í lögum. Upphæðin sé lág, en þetta sé í margra huga prinsippmál. „Það hafa logað línurnar hjá okkur. Stærstu kvartanirnar koma frá foreldrum lesblindra nemenda sem finnst ósanngjarnt að þurfa að borga fyrir bækur á meðan aðrir fá þær ókeypis.“

Vonar að gjaldið verði tímabundið

„Ég gagnrýni í sjálfu sér ekki þetta árgjald. Þetta eru 2000 krónur og ætti ekki að hafa teljandi áhrif á til dæmis örorkulífeyrisþega. Ég vil hins vegar beina sjónum að stjórnvöldum sem hafa frá hruni ekki bætt krónu við í reksturinn á safninu. Vonandi verður þetta til þess að ýta við stjórnvöldum og mennta- og menningarmálaráðherra um að auka fjármögnun til safnsins og að þetta árgjald verði aðeins tímabundið,“ segir Bergvin Oddsson, formaður Blindrafélagsins.

Hann bætir því við að Hljóðbókasafnið sé ekki hefðbundið bókasafn því notendur safnsins geti hlaðið niður bókum. Þær breytingar hafi kostað mikla peninga. Jafnframt því að senda hljóðbækur til eldri borgara um allt land.

Reykjavíkurborg stefnir ríkinu

Borgarlögmanni hefur verið falið að undirbúa málsköfðun á hendur íslenska ríkinu, en Reykjavíkurborg krefst þess að ríkið greiði tæpar 24 milljónir króna, vegna launa hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, lagði til við borgarráð í vikunni að

velferðarsviði borgarinnar yrði veitt viðbótarframlag um þessa upphæð, til að greiða kostnað vegna ákvæða í stofnanasamingum, um jafnlaunatak ríkisins til hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Borgarráð samþykkti jafnframt að stefna ríkinu til endurkröfu á fénu.

Myndlistarskóli Kópavogs

Láttu DRAUMINN rættast

Haustnámskeiðin 2014

byrja 22. september

Innritun er hafin

Í síma **564 1134** og **564 1195** mánudaga til fimmtudaga frá kl. 14:00–18:00. Einnig hægt að skrá sig á myndlist@myndlistaskoli.is
Nánari upplýsingar www.myndlistaskoli.is

Samþykktu að greiða óvæntan kostnað

Borgarráð samþykkti á dögnum að verða við beiðni tveggja tónlistarskóla um að mæta ófyrirsjáanlegum útgjöldum vegna veikinda kennara. Tónskóli Sigursveins og Tónlistarskólinn í Grafarvogi óskuðu eftir því að Reykjavíkurborg tæki þátt í tæplega fjögurra milljóna króna kostnaði vegna veikinda kennara.

Þetta samþykkti borgarráð. Eftir því

sem Reykjavík vikublað kemst næst þá er sú framkvæmd ný af nálinni að mál af þessu tagi fari fyrir borgarráð, því um greiðslur af þessu tagi hafa gilt þjónustusamningar, auk þess sem farið hafi verið eftir kjarasamningum.

Í þessu tilviki mun kennari hafa greinst með krabbamein, en er nú látinn. Greiðslur runnu að mestu leyti til að greiða laun kennara í afleysingum og

að einhverju leyti til eftirlifandi maka, í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

Fram kemur í fundargerð borgarráðs að reiknað sé með því að Jöfnunarsjóður endurgreiði borgarsjóði hluta kostnaðarins. Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina sat hjá við ákvörðunina, en fulltrúar annarra flokka greiddu henni atkvæði sitt.

Haustr útsala Fjallakofans

22. ágúst - 2. september

20-70% afsláttur

Gríptu tækifærið og fáðu þér gæða útivistarvörur frá Marmot, Scarpa, Smartwool, Arc'teryx, Löffler, Black Diamond og fleirum á þessari frábæru útsölu! Fatnaður, skór, bakpokar, göngustafir og margt margt fleira, sjón er sögu ríkari!

Smartwool
nærfatnaður
sokkar
20-30%
afsláttur

Marmot
dünfatnaður
30-40%
afsláttur

Löffler
hjólafatnaður
30-50%
afsláttur

Marmot
útivistarfatnaður
20-70%
afsláttur

Fjalla- og svigskíði
25-50%
afsláttur

Afgreiðslutími í verslunum Fjallakofans næstu daga:

Verslun \ Dagur	Föstud. 29. ág.	Laugard. 30. ág.	Sunnud. 31. ág.
Laugavegur 11	10-19	9-19	12-17
Kringlan 7	10-19	10-17	12-17
Reykjavíkurb. 64	10-19	10-17	LOKAÐ

Marmot

ARC'TERYX

SCARPA

Smartwool

PETZL

Black Diamond

SILVA

SEA TO SUMMIT

JETBOIL

Julbo

Við vinnum náið með leiðsögumönnum m.a.



FJALLA KOFINN

Afgreiðslutíma má sjá á heimasíðu okkar

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurb. 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is  

LEIÐARI



Hvaðan koma peningarnir?

Innan um allar fréttir vikunnar af jarðhræringum og gosum, hvort heldur frá náttúrunnar hendi eða á fjölmiðlum og í innanríkisráðuneyti, voru tvær fréttir sem vöktu sérstaka athygli mína í vikunni. Og þær fengu kannski ekki þá athygli sem eðlilegt væri.

Önnur var um kaup Björns Leifssonar sem kenndur er við World Class á hlut í DV. Hin var um meintan áhuga Ármanns Þorvaldssonar, fyrrverandi bankastjóra hjá Kaupþingi, á því að eignast hlut í MP banka.

„Ég er á leiðinni í gjaldþrot,“ sagði Björn Leifsson við Viðskiptablaðið í lok október 2009. Ekki virðist það þó hafa haft áhrif á líkamsræktarveldi hans. Samt vakna óhjákvæmilega spurningar – eins og oft áður – hvaðan þeir fá peninga sem sett hafa félög á hausinn?

Árman Þorvaldsson sagði einhvern tímann frá því að hann hefði verið fátækur sagnfræðingur sem ók um á Lödu. Svo fór hann í Kaupþing. Sjálfsagt var hann all vel haldinn þar í launum og kannski með hlunnindi í formi hlutabréfa í Kaupþingi. Enda þótt menn hafi haft ofurlaun um skeið, dugar það til að standa í bankafjárfestingum sex árum síðar?

Þetta eru bara tvö lítil dæmi úr vikunni. En þau vekja spurningar og vísa út fyrir sig.

Ég hef eins og margir aðrir sem starfa við fjölmiðla fylgst með réttarhöldum yfir fyrrverandi útrásarvíkingum svonefndum. Þeir sem sitja úti í sal taka gjarnan eftir því að sakborningar og lögfræðingar þeirra eru gjarnan með stór og áberandi úr, ermahnappa úr gulli og í alla staði ákaflega vel hafðir til. Sá sem lítur yfir á bekkinn til sérstaks saksóknara tekur eftir því að ermahnappar á skyrtum eru oftast en ekki úr plasti og úrin af annarri og ódýrari gerð.

Þeir lögmennt sem þar koma fram eru heldur ekki þeir ódýrustu í bransanum. Ekki skilja mig þannig að menn eigi ekki að fá að verja sig fyrir dómstólum. Það eiga þeir að sjálfsgöðu að fá. En samt vakna spurningar um hvaðan menn hafa fé til að verja til lögfræðiafinga, þar sem krafan er yfirleitt sú að málum verði vísað frá, áður en menn svara spurningum um sekt eða sakleysi.

Það eru sex ár líðin frá hrúni. Fjöldi fólks missti vinnuna. Margir hafa búið við stöðuga óvissu og fjárhagslegt óöryggi. Skorið hefur verið niður hjá fyrirtækjum og opinberum stofnunum. Vinnuálag á þá sem eftir eru hefur aukist til muna. Verkefni hafa verið færð inn á heimilinn.

Stórútgærdarmenn hafa verið áberandi í umræðu þar sem milljarðar koma við sögu. En hinir sem hæst flugu fyrir hrún, virðast sumir í fullu fjöri, enda þótt þeir lóni undir radarnum.

Þessir menn ganga með gullhnappa og Rólex, eiga sveitasetur og sýnilega nægt fé til fjárfestinga. Fyrir utan gríðarleg samfélagsleg ítök og áhrif í mikilvægum fyrirtækjum líkt og fjölmiðlum.

Haustið 2008 fóru þau fyrirtæki sem þessir menn stýrðu á hausinn og urðu verðlaus. Þeir eru hérna enn. En hvaðan koma peningarnir?

Ingimar Karl Helgason

Jaðarsett kirkja?

Ef samtíminn væri vídeóleiga þá væri kirkjan í bláu möppunni undir borði sem þú getur fengið að skoða ef þú biður afgreiðslumanninn fallega og þá borgar sig líka að hvísla svo að hinir viðskiptavinirnir sjái ekki hvurslags týpa þú ert.“

Þannig skrifar Hildur Eir Bolladóttir, sóknarprestur á Akureyri, í pistlinum „Á kirkjan að skammast sín?“ á vefsíðunni akv.is 25. 8. s.l. Af samlíkingunni sem hún velur má

ráða að hún telji kirkjana orðna að feimnismáli og sæta fyrirliðningu í samfélaginu; í færslu á Facebook fyrir nokkrum dögum talaði Hildur Eir um að andstaðan við að RÚV hætti bænalestri á Rás 1, ákvörðun sem var svo afturkölluð að hluta, snerist um „að jaðarsetja ekki kristindóminn.“ Þetta hugtak – jaðarsetning – skaut upp kollinum hjá fleirum sem gagnrýndu bænamálið, bæði lærðum sem leikum, innan um orð eins og „árás“, „kirkju-

Ummæli með erindi:

„Kannski er það von sem fleytir ykkur yfir úfið haf. Ekki nema von, því hver veit nema færast þið á kaf á morgun. Voninn ykkur veitir ekki af. Ykkur mun víst ekki veita af.“

- Sálin hans Jóns míns af plötunni Hvar er draumurinn (texti e. Friðrik Erlingsson) – leikið í símakerfi innanríkisráðuneytisins í vikunni.



HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

Verklagið

Skjaldborgin um Hönnu Birnu Kristjánsdóttur finnur umboðsmanni Alþingis það til foráttu að hafa birt bréf sitt til hennar, áður en hún svaraði því. Ekki verður annað séð en að umboðsmaður hafi lengi haft þennan háttinn á. Til að mynda segir á vefsíðu hans í fyrrasumar: „Í ljósi myndskreiðs sem birtist í fjölmiðlum af valdbeitingu lögreglu við handtöku hefur settur umboðsmaður Alþingis ritað lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu fyrirspurnarbréf.“ Form og útlit bréfsins er sambærilegt við þau sem hann hefur nú í þriggungu sent Hönnu Birnu. Enginn minnst þess að Hanna Birna eða skjaldborgin hafi gert athugasemdir við þetta verklag þá.

Briddsklúbburinn

Gengið hefur upp úr skjaldborginni að fyrst rannsókn lögreglunnar leiddi til ákæru í lekamálinu, þá hljóti rannsókn hennar að hafa verið í lagi, og þess vegna skipti augljós afskipti innanríkisráðherra af henni ekki máli.

Það er hins vegar líklega í verkahring dómstóla að skera úr um gildi rannsóknarinnar. Kom málið til



kasta Hæstaréttar verður forvitnilegt að sjá hvort dómarráðgjafi briddsklúbbs rittstjóra Morgunblaðsins verði meðal dómara í málinu.

Froðusnakk

Nútíminn, nýr vefmiðill, veiddi upp gamla blogg færslu eftir Gísla Frey Valdórsson frá árinu 2008, þar sem hann fjallaði um siðareglur og gagnrýndi borgaryfirvöld fyrir að beita sér fyrir slíku og kallaði froðusnakk. Óheildarlegir menn yrðu ekki heildarlegir þótt settar yrðu siðareglur. Aðhald fjölmiðla ætti að duga. Borgarstjóri á þeim tíma var Hanna Birna Kristjánsdóttir, svo að einhvern tímann hafa tekist sættir, hvað sem síðar verður.

Og þá urðu þeir sex?

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson er auk þess að vera forsætisráðherra orðinn dómsmálaráðherra og birtast af honum fréttir í ýmsum vinnustaðaheimsóknum til undirstofnana. Eins og bent hefur verið á eru fimm honum til aðstoðar í forsætisráðuneytinu. Það hlýtur því að vera viðbúið að ráðherra bæti við sig að minnsta kosti sjötta aðstoðarmanninum.



föbú“, „kúgun“, „þöggun“ og „áfall“. Og allt eru þetta orð sem er meira en furðulegt að sjá notað um stofnun sem hefur jafn gríðarlega sterka stöðu og íslenska þjóðkirkjan sannarlega hefur.

Hvernig birtist sú staða? Hildur Eir Bolladóttir, sem finnst kirkjan hennar sé jaðarsett í samfélaginu og líður eins og hún starfi í klámiðnaðinum, er opinber starfsmaður, eins og allir kollegar hennar innan Þjóðkirkjunnar og biskupinn með. Í hverju hverfi er kirkja og þar fer fram mikið, metnaðarfullt og sýnilegt starf fyrir börn, unglinga og eldri borgara og allt þar á milli, yfirleitt í sterkum tengslum við samfélagið í hverri sókn. Það er messa í beinni í Ríkisútvarpinu á hverjum sunnudegi og á stórhátíðum og biskup á frátekið sæti við helstu opinberar samkomur, við hlið kjörinna fulltrúa og embættismanna ríkis og bæja. Kristnifræði er skyldunámsgrein í grunnskólum frá 1. og upp að 10. bekk og um það ríkir almenn sátt. Þegar ég sótti um á fristundaheimili fyrir nokkrum árum þurfti ég að haka við að stelpan ætti EKKI að taka þátt í kirkjulegu barnstarfi, en ekki velja að hún ætti að gera það. Þjóðsöngurinn er sálmur. Meirihluti unglinga fermir sig í kirkju og meirihluti hjóna giftir sig í kirkju. Svo gott sem allir eru jarðsunnir frá kirkju, af presti, með kristilegu rituáli.



Höfundur er Halla Sverrisdóttir, þýðandi

Til að kóróna sköpunarverkið nýtur Þjóðkirkjan, ein allra stofnana, beinlínis stjórnarskrárbundinnar verndar íslenska ríkisins. Og það var það ákvæði sem þeir sem kusu um tillögu að nýrri stjórnarskrá árið 2012 virtust helst vilja halda óbreyttu. Kristni og kirkja eru normið, ekki frávik, og kirkjan er sýnileg og áhrifamikil á öllum sviðum samfélagsins.

Ég stend því skilningsvana gagnvart þeirri skoðun eða upplifun, að kirkjan sé á einhvern hátt, í einhverjum skilningi, jaðarsett og skipað í felur. Vissulega er hún ekki lengur það launhelga yfirvald sem hún áður var, þegar orð hennar og gjörðir, tilveruréttur og forréttindastaða voru sjálfgefin staðreynd og aldrei dregin í efa. Það hefði ég haldið að væri af hinu góða, því eins

Framhald á bls. 12.

Í FRÉTTUM

Biðlund

Þráttar hafa boðað vantrauststillögu á innanríkisráðherra vegna lekamálsins og að hún yrði lögð fram þegar við upphaf þings. Þeir drógu þó í land um miðja vikuna og ætla nú að biða þar til Hanna Birna hefur svarað ítrekuðum spurningum frá umboðsmanni Alþingis. Skýringin er sú að það væri hallærislegt að leggja fram vantrauststillögu daginn áður en hún svari. Spyrja má við hverju Þráttar búist, fyrst þeir virðast hvorki hafa ekki lagt trúnað á orð ráðherrans í málinu hingað til og treysta honum ekki. Enda hvetja þeir til þess að ráðherrann segi af sér að fyrra bragði.

Í þágu kvenna

Sigurjón M. Egilsson var gerður að sérstökum fréttaritstjóra 365 miðla í vikunni, að sögn til að efla hlut kvenna í fréttaskrifum. Ekki hafa komið fram sannfærandi skýringar á því hvernig það að skipta karlkyns silkihúfu út fyrir samkynja silkihúfu verði til þess að efla hlut kvenna.



Skýr fyrirmæli?

Sinfóníuhljómsveit Íslands hlaut einróma lof fyrir tónleika sína í Royal Albert Hall í vikunni. Erlendir dómarráðgjafi ekki vatni, frekar en innlendir, og meira að segja leiðarhöfundur Morgunblaðsins tók undir lofið. Það er blessunarlega annar tón en búast mátti við úr þessari átt, en á síðum sama blaðs hefur alls konar mikilvæg starfsemi verið kölluð gælverkefni, og stefnan helst að leggja niður íslenska ríkið. Kannski heyrum við breytingu í málflutningi Vigdísar Hauksdóttur og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, nú þegar fyrirmælin úr Hádegismóum virðast frekar skýr.

Ekkert stopp

Forstjóri Norðurláns var í viðtali í Fréttablaðinu á fimmtudag og stefnir enn á álver í Helgúvík. Orkuvirkni HS orka reynir eins og það getur að komast undan samningum um rafmagns til álversins, en Norðurlá neitar að sleppa. Spyrja má hvaðan í fjáranum þetta álver ætti að fá orku. Ætli Orkuveita Reykjavíkur eign Reykjavíkinga, eigi að búa til rafmagn handa álveri, eða ætla Landsvirkjun að hverfa frá fyrri stefnu um ekkert rafmagn til nýrra álvera?

REYKJAVÍK

Auglýsingasíminn er 578 1190

Netfang: auglysingar@fotspor.is

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

31. TBL. 5. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Sudurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. Veffang: fotspor.is. Ritstjóri: Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com. Blaðamaður: Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. Menningarbláðamaður: Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. Matarbláðamaður: Svavar Halldórsson. Sími: 869-4940. Netfang: svavar@islenkskurmatur.is. Umbrot: Prentsmið, Prentun: Ísafoldarprentsmiðja, 50.000 eintök. Dreifing: Póst, dreifing

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN



FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.

Dale Carnegie námskeiðið kom mér virkilega á óvart. Ég átti von á að öðlast meira öryggi til að tala fyrir framan hóp af fólki og bæta færni mína í mannlegum samskiptum. En námskeiðið gaf mér svo miklu meira. Meðal annars lærði ég aðferðir til að draga úr streitu og að bæta minnið. Mikilvægast var þó að ég lærði að vera sanngjarnari við sjálfa mig og kynntist frábæru fólki.

// Kolbrún Björnsdóttir (Kolla), þáttastjórnandi á Stöð 2

skráðu þig núna

DALE CARNEGIE NÁMSKEIÐ

Meira sjálfstraust

Betri samskipti

Öruggari framkoma

Leiðtogahæfni

Komdu í hóp með þeim sem ná árangri. Njóttu þín betur í mannlegum samskiptum og lærðu að hafa góð áhrif á aðra. Á hverjum degi sérðu fólk sem skarar fram úr í athafnalífinu, í stjórnslu, íþróttum, fjölmiðlum eða menningar- og listalífi. Þetta fólk er í hópi þeirra 20.000 Íslendinga sem notið hafa góðs af hjálfun Dale Carnegie. Skráðu þig núna og nýttu hæfileika þína til fulls.

// Ókeypis kynningartímar

Kynningartímar í Reykjavík, Ármúla 11, 3. hæð

Fullorðnir 28. ágúst kl. 20:00 til 21:00

Fullorðnir 2. sept. kl. 20:00 til 21:00

Fullorðnir 8. sept. kl. 20:00 til 21:00

Ungt fólk, 10 til 15 ára 1. sept. kl. 19:00 til 20:00

Ungt fólk, 16 til 25 ára 1. sept. kl. 20:00 til 21:00

Einnig verða kynningartímar í boði á Akureyri, Akranesi, í Borgarnesi, á Selfossi, í Fjarðabyggð og á Sauðárkróki. Skráning á dale.is

// Næstu námskeið

Dale Carnegie kvöldnámskeið.....24. september*

Dale Carnegie kvöldnámskeið.....3. nóvember

Dale Carnegie morgunnámskeið.....7. október

Dale Carnegie á laugardögum.....4. október

Dale Carnegie 3ja daga.....17. október

Dale Carnegie fyrir konur.....11. október

Stjórnendabjálfun.....22. október

Leiðtogabjálfun fyrir stjórnendur.....6. október

Árangursrík sala.....9. október

Áhrifaríkar kynningar.....18. september*

Árangursrík framsögn.....19. nóvember

Samningatækni.....25. september

Hvernig skapa á virkni.....13. nóvember

Bókaðu þig í fagkynningartíma á www.dale.is/fyrirtaeki

*Fleiri dagsetningar í boði á dale.is

Skráning á dale.is Nánari upplýsingar í síma **555 7080**

MATARSÍÐA SVAVARS

svavar@islenskurmatur.is



Svavar Halldórsson

Matarlandið Ísland

Hvaðan kemur það sem við látum ofan í okkur? Hvaða fólk lagði hönd á plóginn? Hvað inniheldur maturinn okkar? Var hann framleiddur í sátt við umhverfið? Þessar spurningar og aðrar álíka heyrðust varla fyrir fáeinum árum ... og ef einhverjum datt í hug að spyrja var hann álitinn hálf skritinn. Nú er sem betur fer tíðin önnur. Um allan heim eru neytendur meðvitaðri en þeir voru fyrir fáeinum árum og Ísland er þar engin undantekning. Við sjáum þessa merki víða.

Breytt hugarfar

Áður fyrr voru litlar eða engar innihaldslýsingar á matvörum og flestum virtist sama. Eftir að hér varð til borgarsamfélag slitnuðu líka smám saman tengslin hjá hluta þjóðarinnar við þá sem framleiða matinn okkar. Nú er þessi þróun hins vegar hægt og rólega að snúast við. Sem betur fer! Það skiptir nefnilega máli hvað við látum ofan í okkur og hvaðan maturinn kemur. Við sjáum merki þessa nýja hugarfars víða. Lög og reglur eru öðruvísi en áður og nú má ekki selja neytendum ómerktar vörur án innihaldslýsinga með sama hætti og var. Upprunamerkingar á íslensku grænmeti hafa bókstaflega slegið í gegn og nú er augin krafa um að hið sama verði gert við aðrar búvörur.

Nýjar áherslur

En nýtt hugarfar sést líka á því að heilsuþætti, kjötverslanir, sérverslanir og sælkerabúðir af ýmsu tagi hafa sprottið hér upp. Ekki er mjög langt síðan menn spáðu dauða fiskbúðanna en þær virðast ætla að tóra eins og bókin. Stóru matvöruverslanirnar leggja líka aukna áherslu á ferskar og góðar vörur, heilsuvörur og íslenskar vörur sem merktar eru framleiðanda. Allt er þetta hið besta mál og hjálpar okkur neytendum að taka upplýstar ákvarðanir og vanda það sem við veljum ofan í okkur sjálf og fjölskyldur okkar.

Matarhátíðir

Svo er að verða til alveg glænýtt menningarfyribæri sem landsmenn virðast taka opnum örmum. Það eru

matarhátíðir og markaðir af ýmsu tagi. Í Mosfellsbæ hefur verið grænmetismarkaður á haustin í nokkur ár og slíkir markaðir eru víðar um landið. Um liðna helgi var mikil beikonhátíð í miðbæ Reykjavíkur og glæsileg matarhátíð í Hafnarfirði. Þá hefur götumatarmarkaðurinn Krás í Fógetagarðinum fengið frábærar móttökur. Þar færðu ýmir veitingastaðir sig út og buðu gestum og gangandi upp á raunverulegar kræsingar á kostakjörum. Svo eru auðvitað margar bæjarhátíðir helgaðar mat, eins og Humarhátíðin á Höfn og Fiskidagurinn á Dalvík.

Stærsti matarmarkaðurinn

Einn öflugasti matarmarkaður landsins er á vegum sælkeraverslunnarinnar Búrsins. Um þá snilldarverslun hefur áður verið fjallað á þessum síðum. Matarmarkaður Búrsins er haldinn nú um helgina í Hörpu. Þetta er, eftir því sem næst verður komist, stærsti markaður sinnar tegundar hér á landi. Síðasti markaður sprengdi nánast húsið og aldrei hafa fleiri komið í Hörpu á einni helgi en einmitt þá. Á þessum markaði eru fjölmargir bændur og smáframleiðendur sem kynna vörur sínar. Þarna er að finna hunang, geitakjöt, osta, grænmeti og alls kyns fleira góðgæti fyrir matgæðinga. Miðað við reynslu síðustu ára er skyldumæting fyrir matgæðinga.

Óeigingjarn framtak

Að baki þessum matarmarkaði standa ostasérfræðingurinn Eirný Sigurðar-



Bylting sem er að verða í matvælaframleiðslu og neysluháttum virðist vera að fara framhjá stórum matvælafyrirtækjum og ráðamönnum.

dóttir í Búrinu randagarði og Hlédís Sveinsdóttir matgæðingur. Þær stöllu hafa sama eða sitt í hvoru lagi staðið að þessum glæsilega matarmarkaði, ostaskóla, Sauðamessu og fjölda annara viðburða og matarmarkaða þar sem áhersla er lögð á gæði og nálægð við uppruna matarins. Matarblaðamanni er til efs að tímakaupið hafi alltaf verið hátt. Eins og svo oft eru það kraftmiklir

einstaklingar á borð við þær Eirný og Hlédís sem draga vagninn í jákvæðum samfélagsbreytingum á borð við þá sælker- og nágrenisvæðingu matarins sem við erum að verða vitni að þessi misserin. Bændur, kaupmenn og framleiðendur standa sig líka margir vel. Þær sem ekki hafa enn skilið hvað er á seyði eru forstjórar ýmissa stóra matvælafyrirtækja og ráðamenn.

Matarlandið Ísland

Ísland er matarland. Það sem við kunnum er að framleiða mat. Hér eru gríðarlega sóknarfæri á þessu sviði. Svíar ákváðu fyrir fáeinum árum að gera sérstakt átak sem heitir Matarlandið Svíþjóð. Þar í landi breyttu menn lögum og reglum og rýmkuðu á alla lund svo mati yrði gert hærra undir höfði. Menn settu líka peninga í að framfylgja stefnunni. Árangurinn hefur skilað sér í fleiri og betri veitingastöðum, fjölbreyttari framleiðslu, meiri útflutningi á mat með meiri gjaldyristekjum, heilbrigðari þjóð með minni útgjöldum fyrir ríkissjóð, fjölbreyttari menningu og auknum straumi matarferðamanna til Svíþjóðar. Alþjóðlegar rannsóknir sýna að matarferðamenn eyða meiru, dvelja lengur og eru betri auglýsing fyrir landið sem þeir heimsækja en flestir aðrir. Hvar er matarstefna Íslands? Það skal ég segja ykkur. Hún er ekki til!



Sjaldan ef nokkurn tímann koma jafn margir í Hörpuna og þegar boðið er upp á mat. En er til eitthvað sem heitir íslensk matarstefna?

FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET



ÚTSALA

Þúsundir fermetra af flísum með 20-70% afslætti
Teppi og dúkar 25-70% afsláttur



ALFABORG

Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR.



Hótel Hekla státar af óviðjafnanlegri staðsetningu og leggur áherslu á góða þjónustu og vinalegt viðmót

Hótel Hekla er eitt af bestu sveitahótelum landsins, staðsett í hinum fallega og friðsæla Skeiða- og Gnúpverjahreppi, og er aðeins innan við klukkustundar akstur frá Reykjavík. Undanfarin tvö ár hefur hótelið tekið stakkaskiptum með nýjum herbergjum, endurnýjun á veitingasal, setustofu og útibáðastöðu.

Hótelið hefur ávallt verið vinsæll staður fyrir fundi og ráðstefnur, hvort sem um er ræða litla eða stóra vinnufundi, innlendar eða alþjóðlegar ráðstefnur því afslappað og fallegt umhverfið, fjarri truflun og skarkala hentar einstaklega vel. Ráðstefnusalurinn tekur 60 manns í sæti og veitingasalurinn getur tekið 100 manns.

Hótelið stendur á 14 hektara landsvæði og góð aðstaða er fyrir hvers konar hópefli og stutt að fara á söguslóðir, upplifa náttúruperlur og fjölbreytta afþreyingu.

Við hótelið er ný útibáðastaða með tveimur stórum heitum pottum, eimbaði, kynjaskiptum búningsklefum og salerni. Hvað er dásamlegra en að láta líða úr sér í pottinum, horfa til himins og njóta sveitakyrndarinnar?

Á hótelinu eru 47 vel útbúin og rúmgóð herbergi og hafa tuttugu þeirra verið fallega endurnýjuð. Meðal nýrra herbergja eru glæsilegar loftsvítur og stórar fjölskyldusvítur. Öll herbergin eru með sjónvarpi tengdu gervihnattadiski, hárfurrku og háhraðaneti. Öll herbergin eru reyklus og háhraðanet er á öllu hótelinu.

Veitingasalurinn er nýlega endurnýjaður þar sem áhersla var lögð á notalegt andrúmsloft, fallega liti og íslenska hönnun. Útsýnið er einstakt með dásamlegri jökla- og fjallasýn. Matreiðslumeistarar okkar hafa fengið mikið lof enda elda þeir aðeins úr ferskasta hráefni dagsins og nota sem mest vörur úr héraði. Brauð og bakkelsi er allt bakað á staðnum. Hægt er að panta sérstaklega fyrir þá sem eru með mataróþol.

Á barnum er alltaf notalegt að sitja, þar er arinn og bækur til að blaða í og svo eru þjónarnir flinkir að útbúa kokteila! Út frá barnum eru svalir þar sem gestir geta notið þess að horfa á fjallahringinn og hlusta á kyrrðina.

Hin einstaka staðsetning okkar sem og öll aðstaða, góð herbergi, fallegur og framúrskarandi veitingastaður - hentar sérstaklega vel fyrir ráðstefnur, fundi, árshátíðir, og önnur fagnaðarefni, og gerir viðburðinn þinn ógleymanlegan.

Kynntu þér málið í síma 486-5540 eða sendu póst á info@hotelhekla.is.



www.hotelhekla.is - info@hotelhekla.is



- Eitt besta sveitahótel landsins
- 47 vel útbúin og rúmgóð herbergi
- Loftsvítur og fjölskyldusvítur
- Fundarsalur fyrir 60 manns
- Árshátíðir og stórafmæli
- Góður tæknibúnaður
- Sérniðin þjónusta fyrir viðburð
- Kósý setustofa með arni
- Veitingasalur tekur 100 manns
- Framúrskarandi veitingastaður
- Eldað úr ferskasta hráefninu
- Heitir pottar og eimbað
- Frábær staðsetning

ÚTSALA

REYKJAVÍK
AKUREYRI

20-50%
AFSLÁTTUR

Nokkrir sófar eftir

140x195cm



Minimal Svefnsófi
Margir litir

50%
AFSLÁTTUR
Verð: 149.990.-

160x200cm án höfðagafis

20% aukaafsláttur
af sýningarrúmum



MEDILINE Heilsurúm
Íslenskt hugvit og hönnun

20%
AFSLÁTTUR
Verð: 154.160.-

160x200cm án höfðagafis



STARLUX Heilsurúm
Margir litir

30%
AFSLÁTTUR
Verð: 98.770.-



THERMOFIT
Heilsukoddar

TILBOÐ
10.430.-
Fullt verð: 14.900.-

OFNÆMISPRÓFAD



CEASAR Koddli og
sæng úr microfiber

TILBOÐ
9.600.-
TVENNUTILBOÐ



MAKRO SATIN
Sængurver - Margir litir

30%
AFSLÁTTUR
Margar gerðir



Útsölu lýkur 1. september.

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbot 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

MENNINGIN

Dansinn líkt og samtal

Hildur
Björgvinsdóttir



„Það geta allir dansað salsa. Dansinn er frekar auðveldur en salsa snýst um svo miklu meira. Salsa snýst um félagsskapinn, að stunda skemmtilega líkamsrækt og síðast en ekki síst að hafa gaman – þess vegna geta allir dansað salsa.“ segir Jóhannes Agnar Kristinsson salsakennari. Rut Ríkey Tryggvadóttir tangódansari segir að það sama gildi um tangóinn og bætur við að fólk þurfi ekki að láta skort á dansfélaga stoppa sig í að taka fyrstu sporin, „það er útbreiddur misskilningur að fólk þurfi dansfélaga því argentínskur tangó er „social“ dans þar sem allir dansa við alla. Reglulega eru haldin tangónámskeið og þau eru opin öllum og það eina sem þarf að hafa meðferðis er góða skapið.“

Það er löngu liðin tíð að einungis sé boðið upp á dansleiki um helgar með gömlu eða nýju dönsunum. Í dag er hægt að stíga dans flesta daga vikunnar víðsvegar um borgina þar sem boðið er upp á fjölbreytt danskvöld. Lindy hop, tangó, boogie woogie, swing, salsa og batchata eru allt dansar sem áhugasamir geta kynnst og lært á opnum danskvöldum eða námskeiðum sem í boði eru.

Tveir vinstri fætur engin fyrstaða

Tilviljun réð því að Jóhannes hóf að dansa salsa en hann sá námskeið auglýst á ljósastaur þegar hann bjó í Kaupmannahöfn. Hann skellti sér á námskeiðið og nú, rúmum tíu árum síðar rekur hann SalsaMafíuna sem stendur fyrir salsanámskeiðum og reglulegum danskvöldum. „Maður kynnist fjölda fólks og það sem við leggjum hvað mesta áherslu á hjá SalsaMafíunni er að allir eru velkomnir

sama hvort viðkomandi sé með tvo vinstri fætur eða fleiri.“ Hann segir að töluverð aukning hafi verið meðal þeirra sem dansa salsa reglulega og telur hópinn vera yfir 100 manns.

Einn af leyndardómum Reykjavíkur

Rut hóf að dansa swing, tjútt og samkvæmisdansa haustið 2004 en eftir að hafa farið á áramótball í Íðnó með lifandi tangótónlist var ekki aftur snúið. „Ég heillaðist strax af tónlistinni og dansinum – sá að þetta var görólikt þeim dansi sem ég var að stunda og það varð ekki aftur snúið – ég hellti mér út í argentínskan tangó.“ Hún segir að einn af leyndardómum Reykjavíkur sé sá að hægt er að dansa argentínskan tangó fjórum sinnum í viku en starfrækt eru tvö tangófélög, Tangófélag Reykjavíkur og Tangóævintrýrafélagið. Á mánudagskvöldum er boðið upp á ókeypis kynningartíma fyrir þá sem vilja kynna sér dansinn



SalsaMafían skellti sér til Kúbu. „Allir eru velkomnir sama hvort viðkomandi sé með tvo vinstri fætur eða fleiri,” segir Jóhannes Agnar Kristinsson.

án skuldbindingar. Síðan Rut hóf að dansa hefur fjöldi virkra dansara verið breytilegur en hún telur að þeir séu núna rúmlega 100 og á opnu danskvöldi, sem nefnist ýmist milonga (dansleikur) eða praktika (æfingakvöld) mæti á bilinu 15-40 manns. Í ár séu einnig haldnar tvær tangóhátíðir þar sem boðið er upp á námskeið og dansleiki. Uppistaðan á þeim sé íslenskir dansarar en þátttaka erlendrar gesta sé nokkur.

Gott að geta „talað“ við sem flesta

Bæði líkja þau Rut og Jóhannes dönsun sínum sem einkonar tungumáli eða samtali sem á sér stað milli tveggja einstaklinga sem dansa saman. Að sögn Jóhannesar er á námskeiðunum lögð áhersla á að skipta oft um dansfélaga til að nemendur fái æfingu í að „tala“ við sem flesta. Besta æfingin sé þó að mæta á opnu danskvöld, þar gerast töfrarnir. „Nemendurnir læra sporin í tímunum en til þess að fá þau í kerfið þá er mikilvægt að koma á danskvöldin, þar kynnist fólk líka.“

Rut segir að sá sem leiðir tangóinn þurfi að hafa góða yfirsýn yfir flæðið á dansgólfinu og hugmyndaflug til að nota plássíð sem skapast en sá sem fylgir þarf að „hlusta“ á þann sem leiðir. Það þurfi því að hafa öll skilningarvit vakandi og í viðbragðsstöðu. „Í raun og veru má segja að það sem sé mest heillandi í tangó er að það er



Jóhannes ásamt einum þekktasta salsadansara heims, Luis Vazquez.

útilokað að vera annars staðar en nákvæmlega í augnablikinu og hlusta á þann sem dansað er við og tónlistina. Við erum ekki aðeins að dansa við dansfélagann okkar heldur við alla í salnum og við það myndast töfrum lík orka.“ Hún vitnar jafnframt í þýska vísindarannsókn sem sýndi fram á jákvæð áhrif þess að dansa tangó, dansinn dragi úr neikvæðum tilfinningum og minnki stress.

Dansað út í heimi

Rut og Jóhannes hafa bæði dansað víðar í Evrópu en einnig utan hennar. Rut í Ástralíu þar sem hún dvaldist í nokkra mánuði en hún segir Argentínu þó vera draumalandið líkt og hjá mörgum tangódönsurum. Nokkrir

íslenskir tangódansarar hafi farið og þangað langi hana mikið að koma.

Tvö síðustu ár hefur SalsaMafían staðið fyrir skipulögðum dansferðum til Kúbu þar sem þátttakendum stóð til boða að sækja tíma hjá virtum salsakennurum sem Jóhannes er í góðu sambandi við. Í seinustu ferð voru 25 manns og segir hann hafa verið mikið fjör, auk þess að dansa hafi verið verið ferðast talsvert um landið. Nú þegar sé farið að skipuleggja næstu ferð í janúar 2015.

Ekki missa af ...

...Hvít ljós. Í gær opnaði í anddyri Norrænahússins sýning Önnu Þ. Guðjónsdóttur. Á sýningunni eru olíuverk og ljósmyndir Önnu þar sem viðfangsefnið er ljósbrot augnabliksins. Sýningin stendur til 14. september

...Áththagar. Í Boganum í Gerðubergi stendur yfir sýning á olíuverkum Kristins Reynholts Alexanderssonar. Kristinn fæddist 1939 og ólst upp í Reykjavík. Myndir hans sýna bæjarlífsmyndir sem eru minningar uppvaxtaráranna en einnig malar hann íslenskt landslag og áththagamyndir. Sýningin stendur til 19. október.



Mynd: Laura Valentino.



Mynd: Laura Valentino.



Tilboðsdagar í Holland & Barrett



Vítamín B-100 TIMED RELEASE

- Forðatöflur, 10 klukkustunda virkni
- 100 mg af hverri B vítamín tegund
- Styrkir taugakerfi, húð, hár, neglur

Vítamín B12 1000 - Forðatöflur

- Forðatöflur, 10 klukkustunda virkni
- Eykur úthlad
- Við þróttleysi

MSM

- Bætir liðleika og minnkar liðverki
- Gott við slit- og liðagigt
- Kemur í veg fyrir bólgumyndun

HYALURONIC SÝRA

- Bætir liðleika í liðum
- Byggir upp collagen
- Gott gegn beinþynningu

Guarana

- Betri einbeiting
- Meiri orka
- Meiri kynorka

CoEnzyme Q-10

- Andoxandi
- Orkugefandi
- Lækkar kólesteról

OMEGA 3 500mg

- Lækkar kólesteról og bætir blóðflæði
- Gott fyrir sjón, heilastarfsemi og liði

Grapeseed Extract 100mg

- Gegn Candida
- Bólguþandi
- Bætir blóðflæði, lækkar kólesteról

3 fyrir 2

29. ágúst - 30. sept.



Acai & Green tea

- Andoxandi
- Styður náttúrulega megrun

Damiana 450mg

- Eykur kynlöngun
- Gott við þunglyndi

African Mango 1200mg

- Minnkar matarlyst
- Lækkar kólesteról
- Hitaaukandi og vatnslosandi

Raspberry Ketones (5 tegundir)

- Kemur jafnvægi á hormóna
- Eykur brennslu



Alpha Lipoic Acid 100mg

- Jafnar blóðsykur
- Andoxandi

Super Lactase 375mg

- Við mjólkuróþoli
- Brýtur niður mjólkursykur

Green Coffee Bean Extract

- Styður þyngdarlosun
- Jafnar blóðsykur

Ashwagandha 300mg

- Bólguþandi
- Vinnur gegn slit- og liðagigt
- Stress og kvíði
- Eykur kynlöngun

Látum ekki flensur og aðra heilsuspilla leggja okkur í rúmið - Birgjum okkur upp af hágæða vítamínunum á tilboðsdögum. Þegar þú kaupir tvö glös af hvaða vítamíni sem er, færðu það þriðja frítt með í kaupbæti!

Yfir 1000 tegundir í boði af hágæða bætiefnum og vítamínunum. Sendum hvert á land sem er!

HOLLAND & BARRETT

SMÁRALIND



Hollusta í hverri hillu



FRÉTTASKÝRING

„Ég reyndi aldrei að hafa áhrif á rannsóknina“

Margsinnis hafði Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra afskipti af rannsókn lögreglu, og annara stofnana, vegna lekamálsins. Innanríkisráðherra hefur ítrekað neitað tilraunum til áhrifa en á sama tíma hefur hún tekið undir það að hafa komið á framfæri athugasemdum um hversu langan tíma rannsóknin tæki, stærðargráðu hennar sem ráðherra þótti yfirgengileg og tímasetningu á yfirheyrslu Gísla Freys Valdórssonar, aðstoðarmanns ráðherra. Í bréfi umboðsmanns Alþingis frá því í vikunni, kemur að auki fram að þrátt fyrir athugasemdir um stærð rannsóknarinnar hafi ráðherra gert athugasemd við að lögregla leitaði ekki í tölvum fleiri starfsmanna í innanríkisráðuneytinu. Hluti af pólitískri vörn Hönnu Birnu hefur einmitt verið sú að allir starfsmenn væru undir grun og að hún eigi erfitt með að bregðast við sökum óvissu. Segja má að þessi krafa hennar bætist nú í vaxandi lista yfir ummæli ráðherra sem orka tvímælis.



Starfsmenn munu áfram hafa aðstöðu í húsnæði innanríkisráðuneytisins þar sem Hanna Birna Kristjánsdóttir fer með mannaforráð.

Afneitunin

„Ég reyndi aldrei að hafa áhrif á rannsóknina,“ sagði ráðherra í Kastljósi á RÚV fyrr í vikunni. Þá fullyrti ráðherra að Stefán Eiríksson, fráfari lögreglustjóri, og Sigríður Friðjónsdóttir, ríkissaksóknari hafi staðfest þessa túlkun hennar. Þar leggur ráðherra Stefáni orð í munn og tekur sér töluvert túlkunarvald með fullyrðingu um að með ákæru hafi saksóknari staðfest að engin afskipti séu til staðar af hálfu ráðherra. „...enda hefur Stefán sagt það að rannsóknin hafi gengið eðlilega fyrir sig. Það hefur líka rík-

issaksóknari sagt þegar hún ákveður að ákæra í málinu. Henni hefði verið í lófa lagið ef hún teldi rannsóknina ekki vera fullnægjandi að vísa henni aftur til lögreglunnar,“ sagði ráðherra um málið. Að fullyrða sem svo að ríkissaksóknari votti gæði embættisverka innanríkisráðherra í tengslum við lögreglurannsókn á ráðuneyti, með ákæru á hendur aðstoðarmanns ráðherra telst til afar veikrar röksemdafærslu.

Nýsjálenski kollegi ráðherra

Maurice Williamson er nýsjálenskur ráðherra, fyrrverandi, sem sagði af sér fyrr á árinu vegna símtals til lögreglu fyrir hönd Donghua Liu, kaupsýslumanns og stuðningsmanns National-flokksins sem Williamson er þingmaður fyrir. Í yfirlýsingu John Key, forsætisráðherra Nýja-Sjálands segir að þótt hann efist ekki um að ráðherrann hafi ekki ætlað sér að hafa áhrif á niðurstöðu rannsóknarinnar beri símtal Williamson til lögreglu eitt og sér merki um grafalvarlegan dómgreindarrest. Þess ber að geta að Liu var handtekinn og seinna dæmdur fyrir heimilisofbeldi og því ætti flestum að vera ljóst að málin eru ekki að öllu leyti sambærileg. Hins vegar er athyglisvert að í tilfalli Williamson virðist leika nokkur vafi á um hvort ætlunin hafi verið að hafa áhrif á niðurstöðu rannsóknar. Það nægir að afskipti, það er að segja símtal, hafi verið staðfest.

Mun grófara

Hér á landi, í tilfalli Hönnu Birnu, höfum við jafnvel skýrara dæmi um tilraun til að hafa áhrif á rannsókn mála. Þar hefur ráðherra ekki aðeins orðið uppvis að afskiptum af lögreglurannsókn heldur afskiptum á öllum stigum málsins. Í lekamálinu hefur ráðherra verið staðin að afskiptum af fjölmiðlaumfjöllun og af fulltrúum löggjafans á Alþingi. Vefur ráðuneyt-



Maurice Williamson sagði af sér ráðherraembætti á Nýja-Sjálandi eftir afskipti af lögreglurannsókn.

isins hefur verið notaður til að koma sakborningi til varnar og ráðherra hefur sjálf gagnrýnt umboðsmann Alþingis afar harkalega. Afskipti ráðherra eru því staðreynd og hafin yfir skynsaman vafa hvort sem hún gengst við þeim eður ei. Hvort Hanna Birna hafi ætlað sér að hafa áhrif á niðurstöðu rannsóknar er túlkunaratriði en á þeim anga málsins liggja rök in á eina átt.

Afstæður veruleiki

Þrátt fyrir fjölmörg skjalfest dæmi um afskipti ráðherra og hennar nánustu starfsmanna hefur Hanna Birna ítrekað og oft neitað fyrir slíkt. Á öllum stundum virðist ráðherra telja að snúið sé úr orðum hennar, málið byggir á misskilningi eða að um „ljótan pólitískan leik“ sé að ræða. Nú síðast sagði ráðherra, í stöðufærslu á Facebook, að „órökstuddir dómur“ hafi verið daglegt brauð í umfjöllun fjölmiðla um málið. „Að halda því fram að í þeirri staðreynd að ég þekkti ekki til efnispátta eða áherslna lögreglu vegna rannsóknar sé í mótsögn við það að mér sé kunnugt um beiðni lögreglu til ráðuneytisins eða mín vegna rannsóknarinnar er fráleitt. Enn alvarlegra er þó að halda því fram að í því felist ósannindi - en dylgjur um slíkt eru kannski bara orðin alvanalegur hluti af okkar stjórnmálamenningu?“ segir ráðherra í færslunni. Það skal tekið fram að í bréfi umboðsmanns Alþingis er haft eftir Stefáni að gagnrýni og fyrirspurnir innanríkisráðherra hafi oft á tíðum verið um svo ítarleg atriði rannsóknarinnar að hann hafi sjálfur þurft að afla sér upplýsinga um gang mála til að geta svarað. Hártoganir ráðherra, líkt og þær sem hér birtast, eru ef til vill lýsandi fyrir þann pólitíska vanda sem hún á við að etja.

Góð þjónusta í 60 ár



GÆDAHREINSUN ÞVOTTAHÚS DÚKALEIGA



FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

EFNALAUGIN

SÆKJUM & SENDUM

1953

60 ára

2013

Háleitisbraut 58-60 - Sími 553-1380



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson verður dómsmálaráðherra, ásamt því að fara með forsætisráðuneytið.



Atli Þór Fanndal

Afskipti á afskipti ofan

Ráðherra hefur ítrekað haldið því fram að rannsókn lögreglu beinist að öllu starfsfólki en ekki aðeins að sér og sínu nánasta starfsfólki. Tæknilega er það rétt en þó virðist tiltölulega fljótt hafa verið ljóst að aðeins efsta lag ráðuneytisins var til alvarlegrar skoðunar. Fyrst og fremst virðist rannsóknin hafa beinst að skrifstofu ráðherra þar sem aðstoðarmenn hennar starfa og svo ráðuneytisstjóra. Þegar hefur komið fram að ráðuneytisstjóri hafði beint samband við ríkissaksóknara til að spyrjast fyrir um framgang rannsóknarinnar. Þessum samskiptum er lýst í bréfi umboðsmanns.

„Ekki heppilegt“

Í skeyti sem Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari sendi ráðuneytisstjórnunum 5. maí sl. kemur fram að ríkissaksóknari hafi séð að Ragnheiður Hjaltadóttir, ráðuneytisstjórinn, hafi hringt „og þá væntanlega vegna „leka málsins“.“ „Ég tel ekki heppilegt að ríkissaksóknari sé að fá fyrirspurnir um gang rannsóknarinnar frá ráðuneytisstjóra innanríkisráðuneytisins,“ segir enn fremur í pósti ríkissaksóknara. Þá kemur þar fram að rannsóknin sem slík sé í höndum lögreglu og stuttlega er gerð grein fyrir reglum um hvað taki við að lokinni þeirri rannsókn. Fram kemur að ríkissaksóknari hafi lagt áherslu á að lögregla hraði rannsókn málsins eins og kostur er. Ráðuneytisstjórinn segir í svari sínu að hún virði þessa afstöðu. Af þeim sökum telur umboðsmaður Alþingis ekki ástæðu til að rannsaka þessi samskipti frekar. Það vekur athygli að ráðherra hafi ekki þrátt fyrir þessi skilaboð saksóknara til ráðuneytisstjóra ákveðið að henni væri samt sem áður stætt á því að eiga samskipti við lögreglustjóra. Vissulega er embætti ríkissaksóknara og lögreglustjóra ekki sama embættið. Hér er hins vegar um það að ræða að ríkissaksóknari sem fer með forræði rannsóknarinnar vinnur náð með lögreglu í málinu, enda er það lögregla sem skaffar saksóknara starfsfólk við rannsóknina. Þá er mikilvægt að hafa í huga að ríkissaksóknari eins og dóm- arar er skipaður ótímabundið og þarf því ekki að óttast að missa starf sitt vegna óánægju yfirmanns með sama hætti og lögreglustjóri sem skipaður er til fimm ára.

Uppruni málsins

Uppruna lekamálsins má reka til síðastliðins nóvember þegar upplýsingum var lekið til valinna fjölmiðla, þar sem fjallað var um hælisleitandann Tony Omos, auk þess sem Evelyn Glory Joseph var þar nefnd ásamt upplýsingum um íslenska konu sem ekki hefur verið nafngreind í fjölmiðlum. Morgunblaðið ásamt miðlum 365 birtu frétt af Tony Omos byggða á minnisblaði ráðuneytisins sama dag og mótmæli voru skipulögð utan við innanríkisráðuneytið vegna þess að vísa átti Tony úr landi. RÚV birti sömuleiðis frétt af málinu þar sem vitnað var til fréttanna hinna miðlanna. Í fréttum miðlanna var því haldið fram að Tony Omos væri grunaður um mansal, ýjað var að kvensemi hans og því haldið fram að Evelyn væri undir þrýstingi að hálfu hans um að segja að barn sem hún

þá gekk með væri hans. Síðastu fullyrðingunni var bætt neðst við skjal ráðuneytisins áður en það var sent til fjölmiðlanna. Að morgni sama dags og fréttir hófu að birtast var Evelynti viðtali í þættinum Harmageddon á X-inu. Í viðtalinu má heyra að Evelyn er mjög brugðið vegna málsins og þeirra ásakana sem þar komu fram. Þá má ljóst vera á viðtalinu að enginn miðlanna gerði tilraun til að hafa samband við Evelyn þrátt fyrir að fréttamönnum miðlanna hefði mátt vera ljósar afleiðingar fréttanna fyrir hana. Væru fullyrðingar um mansal og þrýsting af hálfu Tony sannar þýddi umfjöllun miðlanna í raun að brotþoli mansals var nafngreindur fyrir almenningi. Brotþolar njóta alla jafna annars konar verndar gagnvart fjölmiðlum en aðrir málsaðilar. Evelyn hafði sjálf komið fram og rætt ófætt barn sitt og Tony sem föður þess nokkrum dögum áður. Með því að nafngreina Tony var því auðvelt að rekja fréttirnar til Evelyn og ófædds barns hennar. Skömmu síðar hóf DV að leita svara um hvernig svo viðkvæmar upplýsingar hefðu ratað til fjölmiðla skömmu eftir að Evelyn tjáði sig opinberlega - með gagnrýnum hætti - um málsmeðferð yfirvalda gagnvart Tony og daginn fyrir fyrirhuguð mótmæli við innanríkisráðuneytið.

Fjölmiðlar, Alþingi og starfsmenn

Á þeim mánuðum sem hafa liðið síðan lekamálið hófst hefur Hanna Birna ítrekað verið staðin af afskiptum vegna málsins á hendur þeim sem alla jafna hafa þá skyldu að veita ráðherrum aðhald. Komið hefur fram að Hanna Birna hafi, í einkasamtölum, reynt að tala þingmenn stjórnarandstöðunar ofan af því að ræða málið á þingi. Þá hefur Reynir Traustason, ritstjóri DV, opinberað hótanir ráðherra í garð blaðsins vegna umfjöllunar um málið. Þá frásögn hafa þeir Jóhann Páll Jóhannsson og Jón Bjarki Magnússon, blaðamenn DV sem haldið hafa utan um málið, staðfest. Þá mun ráðherra hafa dylgjað um geðheilbrigði blaðamannanna vegna umfjöllunarinnar. Í desember bendlaði Hanna Birna Rauða kross Íslands við málið og sagði félagasamtökin geta hafa haft skjalið undir höndum sem ein þeirra stofnana sem fengju slík gögn í mál- efnum hælisleitenda. Svo er reyndar ekki í þessu tilviki enda samantektin, hið eiginlega minnisblað, aðeins til í ráðuneytinu á þeim tíma sem það var sett í hendur Mbl og 365 miðla. Rauði krossinn gerði tilraun til að þvo hendur sínar af málinu en bað Hönnu Birnu seinna afsökunar fyrir að hafa gert tilraun til slíks. DV greindi seinna frá því að Hanna Birna hefði verið stödd á skrifstofu félagasamtakanna þegar frétt DV birtist. Markmið heimsóknarinnar var að ræða samstarf ráðuneytisins og Rauða kross Íslands.

Skjaldborg um Hönnu Birnu

Ríkisstjórn Íslands hefur reist skjaldborg í kringum innanríkisráðherra. Ráðherrar hafa í engu fengist til að gefa skýr svör um hvort hún njóti stuðnings en svörin hafa hingað til verið á þá leið að ráðherra sem sitji njóti trausts;

annars sitji hann ekki. Í því ljósi má ljóst vera að þær aðgerðir sem þegar hefur verið ráðist í með því að skipa Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra tímabundið sem dómsmálaráðherra að ósk Hönnu Birnu er stuðningsyfirlýsing við Hönnu Birnu. Skipan stjórnarráðsins hefur þannig beinlínis verið endurraðað fyrir sitjandi innanríkisráðherra. Vissulega er það alla jafna ekki talið til stuðnings

við hátt setta aðila að færa frá þeim verkefni en hér er um að ræða miklar aðgerðir til að forðast tímabundna eða ótímabundna afsögn eins ráðherra. Fjallað er um nýja skipan mála á vef innanríkisráðuneytisins en þar segir að óákveðið sé hvernig tíma Sigmundar verður skipt milli forsætisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis. Þá kemur einnig fram að starfsmenn dómsmála verða staðsettir í innan-

ríkisráðuneytinu, ráðuneyti Hönnu Birnu. Þá má sjá á ljósmyndum ráðuneytisins að heimsókn hins nýja dómsmálaráðherra var í fylgd innanríkisráðherra. Því má spyrja um stöðu hennar sem ædsta embættismanns ráðuneytisins og hvort bönd Hönnu Birnu við starfsfólk dómsmálaráðuneytisins séu slitin í raun.

www.reykjavik.is/styrkir

Styrkir Reykjavíkurborgar

Reykjavík City grants

Granty Miasta Reykjavík



Nú stendur yfir gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsemi á árinu 2015. Meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir eru m.a. veittir til verkefna á sviði eftirtalinnna málaflokka:

- félags- og velferðarmála
- skóla- og frístundamála
- íþrótt- og æskulýðsmála
- mannréttindamála
- menningarmála

Á www.reykjavik.is/styrkir er hægt að sækja um og finna leiðbeiningar um umsóknarferli. Einnig er þar að finna reglur um styrkveitingar og nánari upplýsingar um áherslur borgarinnar í einstökum málaflokkum. **Umsóknarfrestur er til 1. október nk.** og eru einungis teknar til greina umsóknir sem berast innan tilskilins frests og uppfylla þær kröfur sem reglur Reykjavíkurborgar kveða á um. Við mat á umsóknum munu reglur Reykjavíkurborgar um styrki og mannréttindastefna Reykjavíkurborgar vera höfð til hliðsjónar. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á. Þá eru styrkir allajafna hvorki veittir til kaupa á húsnæði né til greiðslu fasteignagjalda. Umsóknir verða metnar með hliðsjón af eftirfarandi:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð
- hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf
- hvort unnt sé að meta framvindu verksins
- hvort skilgreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur
- væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi
- fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn

Styrkumsókn felur í sér að umsækjendur undirgangast ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki. Gert er ráð fyrir að úthlutun nefnda og ráða verði lokið í ársbyrjun 2015.

Fyrirspurnir og óskir um nánari upplýsingar má senda á netfangið: styrkir@reykjavik.is
More information: styrkir@reykjavik.is
Wiecej informacji: styrkir@reykjavik.is



Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is



TAPASHÚSIÐ BORÐPANTANIR
í síma 512-8181



Tapashúsið | Ægisgarður 2, 101 Reykjavík | info@tapashusið.is



TENNIS
er skemmtileg hreyfing

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.



Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is

Sölumaður óskast

Fótspor ehf. óskar eftir að ráða sölumann til starfa.

Fótspor ehf. er útgáfufyrirtæki sem gefur út samtals níu blöð í dag. Hægt er að sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.fotspor.is

Hæfniskröfur: Viðkomandi þarf að kunna góð skil á excel og reynsla af sölumennsku er æskileg.

Vinsamlegast sendið umsóknir á as@fotspor.is fyrir 8. september 2014.

Segir kröfu eigenda Strætó bs. að hækka fargjöld:

Ekkert ákveðið um hækkun

Sigrún Edda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins á Sel-tjarnarnesi og fulltrúi bæjarins í stjórn Strætó bs., segir að það hafi verið rætt í nokkurn tíma í stjórninni að hækka fargjöld í almenningsvagna. „Það er krafa frá eigendum Strætó bs. að fargjaldtekjur komi til með að skila um 40% af tekjum Strætó bs.“ segir hún í svari við fyrirspurn Reykjavíkur vikublaðs. Greint var frá þeirri ósk stjórnenda Strætó í síðasta tölublaði að hækka fargjöld um 10 prósent að meðaltali frá 1. desember. Þar kom sömuleiðis fram að fargjöld stæðu eins og er undir innan við 30 prósentum af tekjunum. Sigrún Edda segir langt um liðið síðan fargjöld voru síðast hækkuð en það einnig áformað að einfalda fargjaldaupbyggingu samhliða ásamt því að við náum vonandi að bjóða upp á fjölbreyttari greiðslumáta en verið er að byggja upp greiðsluapp þannig að hægt sé að greiða á rafrænan máta fargjöld.“

Einar Birkir Einarsson, fulltrúi Hafnarfjarðar og bæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar, segir að segir að veða þurfi og meta hversu mikið eigi að koma



Stakt fargjald fullorðinna með strætó kostar 350 krónur. Ekki er að sjá að farþegar hafi verið spurðir um fyrirhugaða hækkun gjalda.

frá sveitarfélögum og hversu mikið í gegnum fargjöld í bókum Strætó bs. „Þetta þarf að veða og meta áður en ákvörðun verður tekin.“ segir hann í svari við fyrirspurn blaðsins. Málið sé í skoðun í tengslum við fjárhagsáætlun sem ekki hafi verið afgreidd.

Í stjórn Strætó bs. sitja fulltrúar frá öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, en Reykjavíkurborg greiðir um 65 prósent framlaga frá eigendum,

en miðað við áætlanir stjórnenda um hækkun fargjalda yrði framlag Reykjavíkurborgar um 2,3 milljarðar króna á næsta ári. Reykjavík vikublað sendi fulltrúum allra sveitarfélaga fyrirspurn um hugsanlega fargjaldahækkun, en aðeins Sigrún Edda og Einar höfðu svarað þegar blaðið fór í prentun.

Ekki hefur komið fram hvort hugur farþega til hækkunar fargjalda hafi verið kannaður.

Fagráð til að bæta lestur

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur hefur samþykkt að stofna sérstakt fagráð til að bæta læsi, lestrarfærni og lesskilning, barna og ungmenna í skólum borgarinnar. Markmiðið er að allur þorri barna í Reykjavík geti lesið sér til gagns á fyrstu árum grunnskólans.

Ráðið á að móta tillögur um hvernig megi efla lestrarfærni og lesskilning meðal reykviskra grunnskólanemenda, sem og málþroska, hljóðkerfisvitund og læsi barna í leikskólum borgarinnar, að því er segir í fréttatilkynningu Skóla- og frístundaráðs á vef Reykjavíkurborgar. Jafnframt á að endurskoða fyrirkomulag lesskímunar í skólum borgarinnar og leggja fram tillögur til úrbóta. Sérstaka áherslu á að leggja á að styðja þá nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð við lestrarnámi. Einni á fagráðið að benda á árangursríkar aðferðir í lestrarkennslu og námi, sem studdar eru fræðilegum rökum. Formaður ráðsins verður dr. Freyja Birgisdóttir, dósent við menntavísindasvið HÍ. Fagráðið á að hafa samráð við kennara og stjórnendur í leik-

skólum og grunnskólum og samtök foreldra.

Stuðningur mikilvægur

Fram kemur hjá Skóla- og frístundaráði að fjölmargar rannsóknir, innlendar sem erlendar, sýni að staða barna í undirstöðuþáttum lestrarnáms í elstu árgöngum leikskólans og lestrarfærni í yngstu árgöngum grunnskólans hafi sterk tengsl við lestrarfærni þeirra síðar. Einnig séu vísbendingar um að mikilvægt sé að koma snemma auga á þau börn sem gætu átt í erfiðleikum með lestrarnám og veita þeim viðeigandi stuðning.

Greint er frá því að lesskímun hjá nemendum í öðrum bekk grunnskóla sýni að endurmeta þurfi vinnubrögð og áherslur um lesskilning, og raunar ekki síður náttúrulæsi og stærðfræðilæsi.

Betra í ár en í fyrra

Læsi hafi verið kannað sérstaklega hjá nemendum í öðrum bekk í apríl á hverju ári frá 2002. Besti árangurinn hafi sýnilega verið árið 2011, þegar



Skúli Helgason, formaður Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur.

71 prósent þeirra sem tóku þátt í lesskímun hafi getið lesið sér til gagns, miðað við viðmið. Í fyrra var hlutfallið 63 prósent en 66 prósent síðasta vor.

„Niðurstöður PISA-rannsóknarinnar sem gerð var vorið 2012 bendi einnig til þess að þörf sé á samstilltu átaki fræðslufirvalda og skóla við að endurmeta vinnubrögð og áherslur varðandi lesskilning, náttúrulæsi og stærðfræðilæsi. Þó svo að meðaltal grunnskóla Reykjavíkurborgar sé hærra en á landinu öllu þá var það undir meðaltali OECD ríkja hvað varðar lesskilning og náttúrulæsi,“ segir í umfjöllun Skóla- og frístundaráðs.

Framhald af bls. 4.

og Hildur Eir segir sjálf á ekkert að vera hafið yfir gagnrýni – og það á alveg sérstaklega við um opinberar stofnanir.

En eins og oft er minnt á í þessu samhengi – og virðist einkennilega oft þurfa að minna á – felur afnám forréttinda ekki í sér neins konar brot á mannréttindum. Heldur eiginlega þvert á móti. Og það er eitthvað bogið við það hvernig starfsmenn kirkjunnar henda á lofti til skiptis tveimur fullyrðingum – annars vegar því að kirkjan sæti fordómum, jaðarsetningu og kúgun og hins vegar því að kristni og kirkja sé svo samofin við samfélag okkar, menningu, siðferði og gildi að

eigi verði annað frá hinu skilið. Þetta er dæmi sem gengur eiginlega ekki upp.

Jaðarsetning er orð sem eðlilegt er að nota um hópa sem sæta mismunun, eru valdalausir, hafa litil eða engin áhrif á eigin réttarstöðu eða samfélagsstöðu, eru undirskipaðir. Og notkun þess orðs, í þessu samhengi, styður sannarlega ekki málefnalega og skynsamlega samræðu milli fólks með mismunandi skoðanir á málefnum Þjóðkirkjunnar.

Til að þessi orð ættu við þyrftu að eiga sér stað stórfelldar breytingar á bæði stjórnskipun, skattkerfi, aðalnámskrá grunnskóla, samfélaginu öllu og kirkjunni sjálfri. Ég sé ekki að

það það sé aðsteðjandi alveg í bráð. Þangað til er engum til góðs að gjaldfella mikilvæg orð.

Að einhverjir agnúist út í kirkjuna og gagnrýni hana – jafnvel harkalega, stundum dónalega, lýsi sig jafnvel beinlínis á móti henni – er nefnilega hvorki jaðarsetning, árás né þöggun. Flestar, ef ekki allar, opinberar stofnanir fá á sig annað eins og meira til. Að einstakir prestar upplifi að þeir hafi ekki lengur þá óvefngendu valdastöðu sem kirkjan naut á árum áður, er ekki heldur næg ástæða til að nota slík orð – þótt einhverjum þeirra sviði eflaust, og stundum skiljanlega, gagnrýnin og þrasíð.



Einstakt á Íslandi



Þegar hefðbundin málning er ekki að duga þá er S-26 kerfið **lausnin**

Söluaðili á Austurlandi: Byggingadeild LAUNAFLS ehf, Óseyri 9, Reyðarfirði, S: 414-9460/ 840-7227

Þetta hús stendur við Tálknafjörð um 300 m frá ströndinni. Þrátt fyrir mikið veðurálag, særok og sandrok þá sér ekki á málningunni í dag - 6 árum síðar. Raki hvarf alveg úr húsinu á nokkrum vikum.



Máluð var prufa af S-26/Malis kerfinu á BYKO-vegginn árið 2008. Tveimur og hálfu ári síðar var veggurinn háþrýstipveginn en prufan haggðist ekki.



ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

Gírkassa- og vélaviðgerðir. Yfirförum og gerum við. Færum í skoðun sé þess óskað. Fljót og góð þjónusta!

**NÝ OG BETRI
ÞJÓNUSTA**

**LOSUM
SPÍSSA!**



Getum tjakkað spíssa úr mörgum gerðum bíla án þessa að taka heddin af. Getum borað spíssa úr 2.0L Renault, Nissan og Opel ef spíss slitnar.

Mekka 
BIFREIÐAVERKSTÆÐI GARÐABÆJAR

Smiðsbúð 2
210 Garðabæ
Sími 577 6670
mbvg@mbvg.is
www.mbvg.is

Flottustu hús og lóðir í bænum

Borgarstjóri afhenti í vikunni viðurkenningar Reykjavíkurborgar fyrir fallegar lóðir í borginni. Viðurkenningar voru veittar fyrir fegurstu lóðirnar við fjölbýli og fyrirtæki, útiaðstöðu við sumargötur og endurbætur á eldri húsum.

Viðurkenningu fyrir fyrirtækja- og stofnanalóðir hlutu Hilton Reykjavík Nordica við Suðurlandsbraut og Félagsstofnun Stúdenta fyrir Sæmundargötu.

Dunhagi 11-17 og Ljósheimar 8-12 fengu viðurkenningu fyrir fjölbýlishúsaloðir. Þá voru húsin Hannesarholt að Grundarstíg 10, Lækjargata átta og hús HB Granda við Grandagarð 20 verðlaunuð sérstaklega. Þá var umhverfi við Laugaveg 1 þar sem verslunin Visir er til húsa og Skólavörðustígur 5 einnig verðlaunuð fyrir aðstöðu sína við sumargöturnar.



Verðlaunahafar ásamt fleirum á tröppunum við Höfða.



Dunhagi.



Grundarstigur.



Hilton.



Lækjargata.



Ljósheimar.



Sæmundargata.

VÍSNASTUND 8. ÞÁTTUR

pest@visir.is



Pétur Stefánsson

Ármann Þorgrímsson yrkir um stjórnvöld

Áhyggjur þeim ekki há þó árangur sé magur eins og komi okkur hjá enginn morgundagur.

Um það hef ég illan grun enn þó kerfið lafi er að koma annað hrun, ekki nokkur vafi.

Aðalsteinn Svanur Sigfússon yrkir

Enn bætir á Sigmundar sóma er sætastur íslenskra blóma best þrífst á skít í botnlausri hit rembingi og ranglátra dóma.

Velta af vændi og dópsölu 7 milj- arðar. Ármann Þorgrímsson yrkir
Ef við þurfum efnahag að styrkja ýmsar leiðir getum farið þá

sterkan iðnað vændis mætti virkja og virðisaukaskatt þar leggjja á.

Davíð Hjálmar Haraldsson yrkir

Skelfur jörð með þrumuhljóði þungu, þrútin eldfjöll kreppta hnefa steyta. Gæti þrýstingur frá Bárðarbungu brotið pípulagnir ráðuneyta?

Davíð Hjálmar heyrði í útvarpinu dósent í næringarfræði ræða nauðsyn góðrar þarmaflóru:

Flestur matur finnst mér vera bestur. Feitan dilk og nautgrip eða svín hef ég ætíð etið líkt og hestur enda blómstrar þarmaflóra mín.

Ágúst Marinósson yrkir:

Ekkert gos né öskuský og ekki jökulhlaupið. Þetta verður efni í áramótaskaupið.

Kristján Runólfsson

Óvissan á okkar landi, ekki er betri en krepvandi. Hrellir bæði menn og mýs. Visir menn um frónið fara, flestir til að leita svara. Aðeins þeirra gáfa gýs.

Hjálmar Freysteinnsson yrkir limru

Bárður er bjálfi og gunga með bauga undir augum og punga, hangir á krá. Kerlingu á sem kölluð er Bárðarbunga.

Hallmundur Kristinsson á lokavís- una að þessu sinni

Hef ég kannað huga minn; hér er það að fregna: Ekkert hef ég ort um sinn einhverra hluta vegna.

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignausmsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandsbraut 30.

Einkarekið Apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**GARÐS
APÓTEK**

- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Heimilisiðnaðarskólinn býður úrval námskeiða

Kennum fólki að framleiða fallega og nytsama hluti með rætur í þjóðlegum menningararfi

- Þjóðbúningar kvenna, barna og karla
- Skyrtu- og svuntusaumur
- Víravirki
- Baldýring
- Sauðskinnsskór
- Jurtalitun
- Knipl
- Orkering
- Útsaumur
- Harðangur
- Skattering
- Spjaldvefnaður
- Tóvinna
- Spuni
- Vattarsaumur
- Vefnaður – sjöl úr hör og ullarkrep
- Dúkavefnaður
- Svuntuvefnaður
- Myndvefnaður
- Þrjón og hekl fyrir örvhenta
- Þrjón fyrir byrjendur
- Þrjónalæsi
- Dúkaprjón
- Englaprjón
- Dóminó þrjón
- Þrjónaðir vettlingar
- Hekl fyrir byrjendur
- Heklaðir lopavettlingar
- Leðursaumur
- Skírnakjólar
- Rússneskt hekl – grunnnámskeið
- Rússneskt hekl – Handstúkur
- Rússneskt hekl – Sjöl
- Rússneskt hekl – Hetta í miðaldastíl
- Rússneskt hekl – Lopapeysa
- Tauprykk
- Lissugerð
- Blautþæfing

Flest stéttarfélög styrkja félag sína til þátttöku í námskeiðum okkar.



BAKSÍÐAN

Helga Lilja Bergmann



Breytingarnar

Allt er breytingum háð er sagt og það á svo sannarlega við þennann skrokk sem kona þarf að burðast með ævina út. Þær gerast frekar hægt og hljótt í fyrstu en nú þegar (rúmlega?) miðjum aldri er náð finnst mér heldur vera farið að gefa í.

Að vakna með andköfum í svitakófi og kvíðakasti, að sofa of lítið á nóttunni og of mikið á daginn, hárum fækkar og þau grána þar sem þau eiga að vera og spretta svo á stöðum þar sem þau eiga alls ekki að vera og fleira í þeim dúr. Þetta er ekkert grín!

Konur sem fara til læknis á þessum aldri fá oft að heyra „Þetta er bara breytingaskeiðið“, en það er varasamt að kenna því um alla kvilla, ég er nokkuð viss um að þessir verkir í hjám og liðum sem ég er farin að finna stafi af einhverju öðru, en það er þó aldrei að vita.

Svo þurfum við að tala meira saman um þetta, kona við konu, ég hef á tilfinningunni að það vanti uppá það. Okkur finnst þetta kannski eitthvað skammarlegt, viljum ekki horfast í augu við þetta, viljum fá hormónapillur til að sleppa þessu bara.

Það þarf líka að tala um breytingarskeið karla, þeir fara ekki alveg varhluta af því en kannski finnst þeim það líka eitthvað skammarlegt, þetta hefur jú alltaf verið „vandamál“ tengt konum og við vitum hvað körlum finnst allt sem er eitthvað „kvenna“ óskemmtilegt.

REYKJAVÍK

Alla laugardaga

Auglýsingasíminn er
578 1190

Múr og Flísar ehf.

Öll múrvinna -
fagmennska
í fyrirrúmi

flísalagnir
múrverk
húsviðgerðir
steining
flotun
anhydrit-ílag्नir
perlu-ílag्नir
sand-ílag्नir

Löggiltur meistari
Sími 8972681
asgeirhelga@simnet.is

AUTUMN 2014

STUDY ICELANDIC AT MÍMIR

COURSES START SEPTEMBER 15th



Register now

CITY
CENTER



Öldugata 23, 101 Reykjavík

Learning Icelandic at Mimir

- At Mimir everyone is welcome and the atmosphere is relaxed.
- Courses are based on the curriculum of Icelandic as a second language published by The Ministry of Education, Science and Culture.
- Solid training in comprehension, listening, reading, writing and speaking.
- Variety of courses, diverse teaching material and fun teaching methods.

EAST
CITY



Höfðabakki 9, 110 Reykjavík Bus line no. 6 from downtown and bus line no. 12 from Breiðholt

NEW
LOCATION

MÍMIR
símenntun

Registration: tel: 580 1800 or at www.mimir.is